

## Nefndasvið Alþingis

Vegna þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun og samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034.

Mýflug hf er núverandi handhafi samnings um sjúkraflug á Íslandi. Mýflug hefur verið handhafi þessa samning allt frá árinu 2006.

Miklar framfarir hafa átt sér stað í flugleiðsögu á þessu tímabili og þá einkum aðflugum sem byggja á gervihnattaleiðsögu (GPS). Aðflug að öllum þeim flugvöllum sem Mýflug er að þjónusta, öðrum en Akureyri og Reykjavík, hefur þróast frá NDB aðflugum sem byggðu á radióvitum á jörðu niðri í RNAV aðflug sem byggja á gervihnattaleiðsögu.

LPV aðflug eru síðan nýjasta kynslóð aðfluga sem byggja á EGNOS gervihnattaleiðsögu og eru ennþá nákvæmari en RNAV aðflugin.

EGNOS gervihnattaleiðrétting hefur verið innleidd í bæði Evrópu og á Norðurlöndunum að undanskildu vestan verðu Íslandi og Grænlandi.

EGNOS gervihnattaleiðréttingin nær að Tröllaskaga og hefur flugvöllurinn á Húsavík fengið slíkt aðflug fyrstur flugvalla á Íslandi.

Það væri mjög mikil bót á flugöryggi ef hægt yrði að innleiða LPV aðflug að öllum sjúkraflugvöllum landsins.

Sjúkraflug er oft flogið við erfiðar veðuraðstæður og því afar mikilvægt að leitað sé allra leiða til að mögulegt sé að innleiða nýjustu og öruggust tækni og auka þannig öryggi og áreiðanleika sjúkraflugsins.

Það er því ósk Mýflugs að í samgönguáætluninni verði innleiðingu EGNOS kerfisins á Íslandi flýtt eins og kostur er þannig að taka megi upp LPV aðflug sem fyrst að öllum sjúkraflugvöllum á Íslandi og bæta þannig öryggi og áreiðanleika sjúkraflugsins til muna.

Mývatnssveit 9.01.2020

Leifur Hallgrímsson